

1. fundur Dómaranefndar SSÍ starfsárið 2009 – 2010

16.09.09

Dagskrá fundarins:

- 1. Mótaskýrslur.**
- 2. Fyrirspurnir til SSÍ.**
- 3. Fatnaður dómara.**
- 4. Dómaranámskeið næsta starfsár.**
- 5. Dómaraskírteini.**
- 6. Önnur mál.**

Mættir voru: Svanhvít G Jóhannsdóttir
Ingibjörg Stefánsdóttir
Thomas Fleckenstein

Fjarverandi voru: Birna Björnsdóttir, Gunnlaugur Þráinsson og Ólafur Baldursson.
Fundur haldinn í kaffisal á 2. hæð Laugardalslaugarinnar kl 17.00.

1. Mótaskýrslur:

Ganga þarf frá punktasöfnun dómara af mótaskýrslum sem þegar hafa borist og fékk Svanhvít bunka hjá Ingigerði á skrifstofu SSÍ og Thomas tók að sér að fara yfir mótaskýrslurnar og setja punktana inn fyrir dómarana til þess að hægt sé að uppfæra dómaraalistann á netinu og í póstkerfi SSÍ.

2. Fyrirspurnir til SSÍ.

Við ræddum um að finna út vinnureglur fyrir þær fyrirspurnir sem berst skrifstofu SSÍ í samvinnu við SSÍ. Athuga hvort dómaranefndin sé með tölvupóst á netinu þar sem fyrirspurnir geta borist til og sent beint á dómaranefndina. Ef ekki þá hvort sé best að starfsmaður SSÍ sendi beint allar fyrirspurnir á dómaranefndina og hún síðan svari þessu og/eða taki þetta fyrir á sínum fundum. Sumar fyrirspurnir þarf að svara sem fyrst en geti ekki beðið til næsta fundar dómaranefndarinnar.

3. Fatnaður dómara.

Senda fyrirspurn til SSÍ hvernig málin standa með fatnað dómara á mótum SSÍ. Lagt til að dómarar kaup t.d bóli og/eða buxur hjá SSÍ þegar lausn finnst á þessum málum.

4. Dómaranámskeið næsta starfsár.

Stefnt verði að því að hafa dómaranámskeið í tengslum við Ármannsmótið dagana 22.sept – 27.sept bóklegt og verklegt á Ármannsmótinu. Stefna á eitt námskeið fyrir áramótin og 1 yfirdómaranámskeið í tengslum við ÍM 25 í haust og 2 námskeið eftir áramótin. Svanhvít skoðar dagsetningar samkvæmt sunddagatali SSÍ og finni út hvað henti best.

5. Dómaraskírteini.

Þar sem ekki hefur heyrst frá aðilanum sem tók að sér að setja þetta upp fyrir dómaranefndina þá telur dómaranefndin að þetta sé glatað og það þurfi að finna út hvernig best er að leysa þetta mál svo að nýtt skírteini sem hægt verði að styðjast við í framtíðinni sé til og athuga jafnvel hvort einhver af dómurum sem eru starfandi séu ekki það klárir í einhverjum kerfum að hægt sé að fá þá til að hanna eða setja upp aftur dómaraskírteini sem svo verði geymt á skrifstofu SSÍ í framtíðinni.

6. Önnur mál.

a) Rætt um úrslit á brallaramóti ÍBV sem haldið var á vegum þeirra í Vestmannaeyjum en Ingibjörg telur að ekki hafi borist úrslit af þessum móti og verður starfsmanni SSÍ falið að kalla eftir þessum úrslitum. Mótaskýrslan hafi borist þar sem Svanhvít hélt dómaranámskeið þar á þessu móti.

b) Minnst á reglugerð frá dómaranefndinni með upplýsingum um reglur til að starfa sem dómari o.s.frv að sú reglugerð sé aðgengileg á netinu því það vantar enn svo hægt sé að starfa eftir henni. Svanhvít falið að ganga í það mál með Ingigerði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 18.00

Svanhvít G Jóhannsdóttir